

Efni: Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta

Reykjavík, 9. nóvember 2020

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Árið 2019 leituðu 885 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 385 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2829. Aðstandendur brotaþola voru 70. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Einnig veitum við aðstandendum stuðning. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Í kjölfar mikillar samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi hefur aðsókn á Stígamótum aukist síðustu fimm árin um 43%. Þetta hefur skapað mikið álag í þjónustunni og er nú bið eftir viðtali hjá rágjafa að jafnaði um 8 vikur. Ýmislegt bendir til að enn frekari aukning gæti orðið vegna COVID-19 þar sem kynferðisofbeldi er hluti af heimilisofbeldi, en fréttir síðustu vikna sýna mikla fjölgun slíkra tilkynninga til lögreglu. Þetta sjáum við greinilega í starfi okkar en í fyrra voru 25% þeirra sem komu vegna nauðgunar á Stígamót beitt ofbeldinu af maka auk þess sem a.m.k. 34% brotaþola kynferðisofbeldis gegn börnum deildu heimili með gerandanum.

Jafnframt sinna Stígamót mikilli fræðslu og vitundarvakningu enda hafa samtökin það hlutverk að lyfta röddum brotaþola í samfélagsumræðunni og að berjast gegn kynferðisofbeldi. Við erum m.a. í samvinnu við félagsmiðstöðvar um allt land í gegnum verkefnið okkar *Sjúkást* en það er forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi fyrir 13-19 ára ungmenni sem hefur það að markmiði að fjalla um mörk, samþykki og heilbrigð sambönd. Heilmiklum árangri hefur verið náð í verkefninu og fengu 3500-4500 unglingar fræðslu í sínu nærumhverfi síðustu tvö árin um þessi mikilvægu mál. Þá hefur námskeiðið Bandamenn verið í þróun síðustu ár fyrir karlmenn sem vilja beita sér í baráttu gegn kynferðisofbeldi ásamt því að við veitum fræðslu til nemendahópa, fagaðila, fyrirtækja og stofnana.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Eins og fram kemur að ofan hefur aðsókn í þjónustu Stígamóta vaxið mjög á umliðnum árum og skapað langa bið eftir þjónustu. Við viljum mæta þessari auknu þörf með því að bæta við starfskrafti í ráðgjafarþjónustuna og óskum eftir ykkar framlagi til að gera það að veruleika. Stöðugildið er metið á kr. 12.000.000 á ári og myndi hvert framlag upp í þann kostnað vera mikils virði.

Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu,
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Talskona Stígamóta

ÁRBORG	
Brnr: 02.94	Mótt: 12.11.20
Abm: GHH	Mnr: 2011138

